

Alþingi
Erindi nr. P 136/1094
komudagur 9.3.2009



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 6. mars 2009

Efni: Frumvarp til laga um ábyrgðarmenn. 136. löggjafarþing. Þskj. 135 – 125. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar ofangreint mál. SA þakkar Alþingi fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Samtökin telja það réttarbót að lögfesta reglur um ábyrgðarmenn og eru því almennt jákvæð gagnvart lagasetningunni. Hingað til hafa lánastofnanir fylgt sérstöku samkomulagi um ábyrgðarmenn en með lögfestingu reglna um ábyrgðarmenn eykst mjög gegnsæi um það hvaða reglur gilda um ábyrgðarmenn og traust á viðskiptalífínu getur aukist.

Það frumvarp sem hér er til umsagnar er þó þeim annmörkum háð að það mun gera mjög mörgum ókleyft að gangast í ábyrgð fyrir lánnum og í raun kippa fótunum undan sjálfskuldarábyrgðarkerfinu eins og við þekkjum það í dag.

Í 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ekki verði gerð aðför í fasteign þar sem ábyrgðarmaður býr eða fjölskylda hans ef krafa á rót sína að rekja til persónulegrar ábyrgðar. Ljóst er að stór hluti ábyrgðarmanna á einungis eina fasteign og það er sú fasteign sem ábyrgðarmaður býr sjálfur í. Viðkomandi verður því hafnað sem ábyrgðarmanni af hálfu lánastofnana. Þá er hópur mögulegra ábyrgðarmanna þrengdur enn frekar með ákvæðum frumvarpsins í 4. gr. þar sem gert er ráð fyrir að lánastofnanir verði sérstaklega að meta hæfi ábyrgðarmanna til að gangast í ábyrgð.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun það því leiða til þess að enn erfiðara en ella verður fyrir skuldara að fá þá lánafyrirgreiðslu sem þeir þurfa á að halda. Mun það koma harðast niður á ungu fólki sem er að kaupa sína fyrstu íbúð en þarf ábyrgðarmann til að geta fjármagnað kaupin umfram það sem lán Íbúðalánasjóðs nær. Þá er einnig líklegt að þetta leiði til þess að ábyrgðarmenn veiti frekar veðleyfi á viðkomandi fasteign. Slík ráðstöfun gengur mun lengra og nær hagsmunum ábyrgðarmanns en að veita persónulega ábyrgð, þar sem slíkt hefur bein áhrif á hans eigin möguleika til að veðsetja fasteignina og selja hana.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is